



Mynd 1. Hitastig í miðju agarsívalnings við kælingu í mismunandi ísmiðlum í frauðplastkassa við umhverfihitastigið 0 °C.

Mynd 1 sýnir niðurstöður kælitilrauna með agarsívalning. Af myndinni má dæma að hitastig ísmiðilsins er mikilvægari en kornastærðin þar sem ekki er mikill munur á kælihraða með ómuldum flöguís í saltþækli annars vegar og ísblöndu úr ísvélum hins vegar. Kæling sívalningsins var einnig rannsökuð með tölvuvæddu varmaflutningslíkani með CFD-hugbúnaðinum Fluent. Góð samsvörun fékkst milli niðurstaðna líkans og tilrauna eins og Mynd 2 sýnir.



Mynd 2. Hitastig í miðju agarsívalnings við kælingu í vökvaís við upphafshitastigið -1.4 °C. Niðurstöður tilrauna bornar saman við niðurstöður CFD hermunar.



Mynd 3. Þróun hitastigs í ufsa við geymslu. 100 kg af ufsa voru geymd í þremur eins kerum: í einu var kælt með 20 kg af ómuldum flögúis, í öðru var kælt með 54 kg af krapais með íshlutfallið 37.4 % og í því þriðja kælt með 54 kg af Bubble Slurry Ice með íshlutfallið 37.5 %. Meðalumhverfishiti var u.þ.b. 5 °C.